



Skýrsla

til umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytisins vegna
verkefna Sambandsins 2024

umhverfis- og innviðateymi Sambandsins


Efnisyfirlit

Inngangur	2
Úrgangsmál	3
<i>Svæðisáætlanir, samþykktir og gjaldskrár</i>	<i>3</i>
<i>Borgað þegar hent er kerfi</i>	<i>4</i>
<i>Viðburðir á vegum Sambandsins um úrgangsmál</i>	<i>5</i>
<i>Könnun á úrgangsstjórnun sveitarfélaga</i>	<i>6</i>
<i>Samræmdar norrænar merkingar</i>	<i>8</i>
<i>Innkaup í úrgangsstjórnun</i>	<i>9</i>
<i>Kostnaður sveitarfélaganna, úrgangstölfræði og málefni Úrvinnslusjóðs</i>	<i>9</i>
<i>Kostnaðarmatsverkefni Sambandsins</i>	<i>11</i>
Minnisblöð Sambandsins	12
Loftslagsmál	12
<i>Viðburðir um loftslagsmál</i>	<i>15</i>
Umsagnir Sambandsins	15
Náttúruvernd	16
Vatna- og fráveitumál	16
Málefni heilbrigðiseftirlits	19
Sjóðasókn á vegum Sambandsins	20
Erlent samstarf	21
<i>EES-samstarf</i>	<i>21</i>
<i>Municipal Waste Europe</i>	<i>22</i>
<i>Baltic Sea Regions Waste Management</i>	<i>22</i>

Inngangur

Samband íslenskra sveitarfélaga (hér eftir Sambandið) og umhverfis-, orku og loftlagsráðuneyti (hér eftir URN) hafa í tæpan áratug gert samninga um samstarf sín á milli. Nýr samstarfssamningur var undirritaður árið 2024 og gildir til 2027. Í 4. gr. samningsins segir að Sambandið skuli afhenda ráðuneytinu yfirlit um stöðu helstu verkefna og áherslur fyrir komandi ár í upphafi hvers árs. Yfirlitið skal innihalda greinargerð um framkvæmd þeirra verkefna sem tilgreind eru í 3. gr. og skal því skilað eigi síðar en 30. janúar ár hvert vegna verkefna liðins árs. Yfirlitið sem hér er lagt fram gerir grein fyrir framkvæmd verkefna á vegum Sambandsins á árinu 2024.

Sambandið hefur starfað eftir nýju skipuriti þetta árið, aukið áherslu á teymisvinnu og fækkað sviðum. Unnið er að umhverfismálum sveitarfélaga í umhverfis- og innviðateymi Sambandsins sem heyrir undir stjórnslusvið. Þá var á árinu tekin ákvörðun hjá stjórn Sambandsins að breyta fyrirkomulagi fastanefnda til að endurspegla betur nýtt skipurit og tók sú breyting gildi um áramótin 2024/2025. Eftir þá breytingu verða verkefnisstjórn um hagsmunagæslu í úrgangsmálum og skipulagsnefnd lagðar niður en þess í stað mun taka til starfa fastanefnd umhverfis og innviða. Með nýjum nefndum er fyrirhugað að efla nefndarstarf og auka pólitískan og faglegan stuðning við þau verkefni sem Sambandið er að sinna. Nefndum verður fækkað með breytingunni og fleiri málaflokkar settir undir hverja þeirra. Markmiðið er m.a. að skýra betur umboð nefnda gagnvart stjórn. Nýtt fyrirkomulag býður upp á skipan bakhópa um einstaka málefni, hvort sem er til lengri eða skemmri tíma.



Úrgangsmál

Á árinu 2024 hefur verið unnið áfram að því að aðstoða sveitarfélög við að innleiða úrgangsstjórnun og hringrásarhagkerfi í samræmi við gildandi löggjöf í málaflokknum.

Í lok árs 2023 og fyrri hluta árs 2024 var jafnframt unnið að yfirgripsmikilli greiningu á kostnaði sveitarfélaga við meðhöndlun úrgangs og er fjallað frekar um verkefnið í kaflanum „Kostnaðarmatsverkefni Sambandsins“.

Verkefnisstjórn um hagsmunagæslu í úrgangsmálum fundaði alls 9 sinnum á árinu, 8 sinnum á hefðbundum fundum og í eitt sinn á lengri vinnufundi.

Í verkefnastjórn sátu:

*Jón Viggó Gunnarsson frá SORPU bs.
Steinþór Þórðarsson frá Kólku sorpeyðingarstöð.
Benedikt Traustason frá Reykjavíkurborg.
Hrefna Bryndís Jónsdóttir frá Sorpurðun Vesturlands.
Hildigunnur Rut Jónsdóttir frá Akureyrarbæ.
Stefán Aspar Stefánsson frá Sveitarfélaginu Múlaþingi.*


Reglulegir fundir Sambandsins og URN um innleiðingu hringrásarhagkerfisins héldu áfram á árinu þar sem rætt var um framvindu innleiðingar laganna.

Svæðisáætlanir, samþykktir og gjaldskrár

Sambandið hefur á árinu átt samtöl og fundi með fulltrúum sveitarfélaga sem eru að vinna svæðisáætlanir, samþykktir og gjaldskrár fyrir meðhöndlun úrgangs á grundvelli hringrásarlaganna og reglugerðar nr. 803/2023.

Sambandið hefur á árinu 2024 unnið áfram ásamt Umhverfisstofnun að endurskoðun *Handbókar um úrgangsstjórnun* sem stofnunin hýsir. Um er að ræða vegvísir sveitarfélaga í úrgangsmálum. Þörf var á endurskoðun handbókarinnar í kjölfar útgáfu nýrrar reglugerðar. Framkvæmd og útgáfa handbókarinnar er sett fram í aðgerð 22 í stefnu ráðherra í úrgangsmálum, *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Samband íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnun báru sameiginlega ábyrgð á aðgerðinni en samið var um að Sambandið færi með framkvæmd hennar. Endurskoðuð útgáfa *Handbókar um úrgangsstjórnun* er sem stendur í lokayfirlestri og verður ný útgáfa kynnt í upphafi árs 2025.

Ljóst er af ofangreindu að Sambandið hefur á fjölbreyttan hátt stutt við innleiðingu hringrásarlaganna. Innleiðingin er ein samhangandi heild eins og *Mynd 1* sýnir. Svæðisáætlunum sveitarfélaga er ætlað að innibera 12 ára áætlun sveitarfélaga í málaflokknum. Samþykktir og gjaldskrár útlista nánar ákvarðanir sveitarfélagsins um fyrirkomulag á meðhöndlun úrgangs. Innkaup, rekstur, framkvæmdir og önnur innleiðing þarf síðan að vera í samræmi við lög, reglur, svæðisáætlun og samþykktir viðkomandi svæðis.



Borgað þegar hent er kerfi

Verkefnið „Borgað þegar hent er“ (BPHE) var samvinnuverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) í samstarfi við Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið (URN). Markmiðið með verkefninu var að straumlínulaga innleiðingu BPHE kerfis við innheimtu úrgangsgjalda fyrir mismunandi sveitarfélög og var verkefnið upphaflega uppsett sem hraðall þar sem nokkur sveitarfélög fengu leiðsögn um innleiðingu BPHE. Á árinu 2024 var hraðallinn stækkaður frekar, m.a. í tengslum við átakið „Samtaka um hringrásarhagkerfi“

Á árinu 2024 tóku alls 37 sveitarfélög þátt í hraðlinum með einum eða öðrum hætti. Þar af voru 30 sveitarfélög af landsbyggðinni og öll sveitarfélögin 7 á höfuðborgarsvæðinu. Við lok verkefnisins höfðu 25 af þátttökusveitarfélögum lokið við öll skref verkefnisins og voru búin að uppfæra álagninguna samkvæmt BPHE kerfinu. Það þýðir að í kringum 70% landsmanna býr í dag við þetta nýja fyrirkomulag. Afgangurinn af þátttökusveitarfélögum vinnur um þessar mundir að því að ná markmiðum verkefnisins og stefndi að því að uppfæra álagninguna fyrir árslok 2024.

Niðurstöður greiningar bentu til að álagningarkerfi HMS sé hentugast til innheimtu á gjöldum í málafloknum í samræmi við nálgun BPHE. Hraðallinn leiddi til útfærslu á aðgerðaáætlun, þar sem sveitarfélög töldu ílát, skráðu þau á staðföng, og kortlagningu vandræðastaðfanga. Að auki var unnið að þróun nýrra gjaldskrárlíða, þar á meðal breytilegra gjalds sem tengist sorphirðu. Í vinnunni kom skýrlega fram hversu mikilvægt það er að sveitarfélögin hafi aðgang að álagningarkerfinu og uppfæri ílátaskráninguna.

Að lokum benti vinnan í verkefninu á árinu 2024 til þess að sérstök ástæða sé til þess að huga að því að styðja þau sveitarfélög sem ekki tóku þátt í hraðlinum áfram við innleiðingu á BPHE og að vinna við

að þróa stafræn þjónustugátt í tengslum við BPHE. Þá komu skýrlega í ljós kostir þess að þróa lausnir á landsvísu frekar en að hvert sveitarfélag þróa sínar lausnir sjálfstætt.

Sambandið sendi inn umsókn til Stafræns Íslands um samstarf við þetta verkefni og fékk hana samþykkt vorið 2023. Þið varð á þessu samstarfi en vonir standa til að verkefnið geti hafist á árinu 2025 enda er hér um lausn að ræða sem mun þjóna hagsmunum íbúa og sveitarfélaga um land allt.

Að öðru leyti er vísað til greinargerða um BPHE, sem Sambandið hefur tekið saman árið 2023 og í lok árs 2024 og þegar hafa verið sendar URN.

Viðburðir á vegum Sambandsins um úrgangsmál

Sambandið stóð fyrir ýmsum viðburðum á árinu um meðhöndlun úrgangs og innleiðingu hringrásarhagkerfis og eru þeir helstu taldir upp í yfirlitinu hér að neðan. Einnig stóð Sambandið að fræðsluþáttunum *Endurtekið*, sem fjalla um hringrásarhagkerfið, í samstarfi við framleiðslufyrirtækið Republik með stuðningi URN en þættirnir voru sýndir á RÚV haustið 2024. Sjá [hér](#).

Sambandið er jafnframt einn af bakhjörllum *Allan hringinn*, samstarfsverkefnis um hringrásarhagkerfið sem Umhverfisstofnun leiðir. Auk þess hefur Sambandið gefið út ýmsar fréttir um umhverfistengd málefni á sveitarstjórnarstiginu og haldið úti Facebook hópum um umhverfis- og skipulagsmál og úrgangsstjórnun sveitarfélaga.

Sambandið hélt í samvinnu við Úrvinnslusjóð [opinn fund](#) með tæknimönnum sveitarfélaga þar sem fjallað var um greiðslur vegna hreinsunar á plastvörum á víðavangi og úr ruslabiðum, og greiðslufyrirkomulag fyrir sérstaka söfnun á fyrri hluta árs 2025.

Sambandið tók einnig þátt í [haustfundi FENÚR](#), 21. nóvember 2024.

Þá hefur Sambandið nýtt vefsíðu sína og aðrar miðlunarleiðir til að koma upplýsingum á framfæri við sveitarfélögin, m.a. tilkynningum, leiðbeiningum, upptökum og öðrum fréttum frá t.d. Úrvinnslusjóði, Veitum, Umhverfisstofnun og erlendum hagsmunaaðilum á sviði umhverfismála.

Á [fjármálaráðstefnu](#) sveitarfélaga 10.-11. október 2024 voru flutt þrjú erindi sem sneru að umhverfis- og úrgangsmálum. Eitt erindið innhélt kynningu frá HLH Ráðgjöf á niðurstöðum þeirra í kostnaðarmatsverkefninu og fjallaði erindið um þróun kostnaðar úrgangsmála sveitarfélaga. Þá fjallaði Einar Bárðarson, framkvæmdastjóri Sorpstöðvar Rangárvallasýslu um sorphirðu sveitarfélaga. Loks fjallaði Gyða Einarsdóttir, sérfræðingur í styrkjámálum hjá Sambandinu um tækifæri til að sækja um styrki vegna umhverfis- og loftslagsverkefna.

Fulltrúar Sambandsins sóttu [Sveitarstjórnarþing](#) Evrópuráðsins í Strasbourg 15.-17. október 2024 og fjallaði þingið sérstaklega um mikilvægi þess að hringrásarhagkerfið sé haft að leiðarljósi í allri áætlanagerð evrópskra sveitarfélaga.

Þá voru á árinu gefin út fjögur tölublöð af fréttabréfinu [Umhverfis Ísland](#). Markmiðið með útgáfu fréttabréfsins er að miðla betur upplýsingum um umhverfis- og loftlagsmál, hringrásarhagkerfið, fráveitu og söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs, ásamt upplýsingum af Evrópuverkefnum sem tengjast málaflokkunum.



Könnun á úrgangsstjórnun sveitarfélaga

Sambandið framkvæmdi á árinu könnun meðal sveitarfélaga á úrgangsstjórnun í tengslum við átakið *Samtaka um hringrásarhagkerfi* og í ljósi þeirra breytinga sem hringrásarlögin höfðu í för með sér. Tilgangur könnunarinnar var að fá betri yfirsýn yfir stöðu og viðhorf til innleiðingarinnar hjá sveitarfélögum. Niðurstöðurnar verða síðan nýttar til að þróa næstu skref átaksins og stuðning Sambandsins við sveitarfélög vegna laganna.

Könnunin stóð yfir frá 13. desember 2024 til 9. janúar 2025 og var send til allra sveitarfélaga. Alls bárust svör frá 35 sveitarfélögum.

Heilt yfir má sjá á niðurstöðum könnunarinnar að flest sveitarfélög sem svöruðu könnuninni eru að vinna að innleiðingu nýju laganna með einum eða öðrum hætti. Könnunin var framhald af fyrri könnunum sem framkvæmdar voru 2021, 2022 og 2023. Þannig hafa upplýsingar um stöðu málaflokksins hjá sveitarfélögum legið ljós fyrir og verið könnuð með markvissum hætti á síðustu árum.

Skipta má niðurstöðum könnunarinnar upp í fjóra efnisþætti:

1. Stefnumótun og samþykktir

- Hjá um þriðjung sveitarfélaga er í gildi svæðisáætlun og samþykkt um meðhöndlun úrgangs sem tekur mið af BPHE.
- Í langflestum tilvikum er BPHE innleitt með þeim hætti að greitt er eftir rúmmáli, hvort sem er við heimili eða á söfnunar- og móttökustöðvum, en fæst sveitarfélög eru búin að innleiða einhvers konar útfærslu af BPHE á grenndarstöðvum.
- Ein helsta áskorun sveitarfélagana í stjórnun og meðhöndlun úrgangs virðist vera að draga úr kostnaði og auka skilvirkni; erfitt reynist að mæta kröfum löggjafarinnar án þess að kostnaður verði hratt of mikill.

2. Sérstök söfnun

- Langflest sveitarfélög hafa innleitt flokkunar- og söfnunarkerfi í samræmi við hringrásarlögin (þ.e. grunnflokkarnir fjórir) og flest sveitarfélög gera einnig þegar ráð fyrir breyttum kröfum í úrgangsmálum í skipulagi og hönnun á vegum sveitarfélaga, t.d. að hugað sé að fráteknun plássi, staðsetningu og aðgengi úrgangstengdra innviða.
- Almennt lýsa sveitarfélögin jákvæðri reynslu þegar kemur að því hvernig íbúar flokka og viðhorf þeirra gagnvart því BPHE fyrirkomulagi sem þegar hefur verið innleitt.
- Almennt virðast flest sveitarfélög jákvæð í garð BPHE sem hugmyndafræði sem geti hjálpað til við að standa undir rekstri úrgangsbjónustu og að sérstaklega gangi vel að uppfæra gjaldskrár í tengslum við BPHE. Mörg sveitarfélög eru þó enn á algjöru byrjunarstigi í innleiðingu BPHE og kannski ekki komin mikil reynsla enn. Hins vegar eiga sveitarfélögin í erfiðleikum við að finna og innleiða lausnir sem raungera BPHE hugmyndafræðina, t.d. það sé snúið að vigta heimilissorp við hirðu hjá heimilum, að það vanti viðeigandi tækni, o.s.frv.

3. Innviðir

- Sorptunnur, móttökustöðvar og grenndarstöðvar eru þeir úrgangsinnsviðir sem eru í flestum tilvikum í eigu sveitarfélaganna.
- Grenndargámar og sorphirðubílar virðast frekar vera í eigu rekstraraðila sem sveitarfélög semja við um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs.
- Langflest sveitarfélög hafa að fullu eða að miklu leyti innleitt samræmdar merkingar fyrir flokkun úrgangs.

4. Fræðsla, starfsfólk og samvinna

- Mörg sveitarfélög hafa staðið fyrir fræðslu um söfnun og meðhöndlun lífúrgangs.
- Flest sveitarfélög telja líklegt eða mjög líklegt að auki samvinna um úrgangsbjónustu við nágrannasveitarfélög myndi auka hagræðingu – þetta fer þó eftir aðstæðum sveitarfélaga.
- Í flestum tilvikum er einungis hluti úr stöðugildi hjá sveitarfélögum sem er áætlað fyrir úrgangsmál – þetta fer þó eftir stærð sveitarfélaga.
- Rúmlega 80% sveitarfélaga telja að starfsfólk sem vinnur að úrgangsstjórnun eða - meðhöndlun þurfi meiri fræðslu eða þjálfun.
- Mörg sveitarfélög telja þörf á frekari fræðslu til almennings varðandi úrgangsmál.
- Langflest sveitarfélög lýsa jákvæðri reynslu af framkvæmd umsaminna verkefna á samningstíma við þjónustuaðila – þó er oft til staðar togstreita um kostnað og þjónustu.

Áfram verður unnið úr niðurstöðum könnunarinnar til að fá eins skýra mynd og hægt er af stöðu úrgangsmála hjá sveitarfélögum landsins með það markmið að Sambandið geti sem best verið sveitarfélögum innan handar við betrubætur á úrgangsstjórnun þeirra og frekari innleiðingu hringrásarlaganna.

Samræmdar norrænar merkingar

Norrænu samtökin EUpicto voru stofnuð árið 2021 og er Samband íslenskra sveitarfélaga einn af stofnaðilum þeirra. EUpicto eiga samnorrænu merkingar úrgangstegunda og eru samtökin vettvangur ákvarðanatöku um þróun og notkun merkinganna. Markmið samtakanna er fyrst og fremst að stuðla að innleiðingu og sem mestri samræmingu á merkingunum á Norðurlöndunum en merkingakerfið er öllum aðgengilegt að kostnaðarlausu. Að baki samtökunum standa fulltrúar svæðisbundinna stjórnvalda á Íslandi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Forsenda notkunar merkinganna á Íslandi er aðild héraðra aðila á sveitarstjórnarstiginu að EUpicto. Ísland hefur átt fulltrúa í stjórn samtakanna frá upphafi auk þess að eiga fulltrúa í sérstökum stýrihópi. Núverandi fulltrúi í stjórn er Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., og hafa sérfræðingar Sambandsins setið í stýrihópnum.

Notkun á merkingunum kom formlega til framkvæmda á árinu 2023 þegar merkingarnar voru innleiddar í lög og reglugerðir. Þegar nýjar lagakröfur um meðhöndlun úrgangs komu til framkvæmda 1. janúar 2023, var sveitarfélögum og öðrum sem meðhöndla úrgang gert skylt að nota samræmdar merkingar fyrir a.m.k. þær úrgangstegundir er falla undir sérstaka söfnun heimilisúrgangs: pappír og pappa, málma, plast, gler, lífúrgang, textíl og spilliefni.

Árið 2021 gerði Sambandið samning til þriggja ára við FENÚR, fagráð um endurnýtingu og úrgang, um innleiðingu merkinganna innanlands. Samningurinn var gerður í kjölfar þess að félagið hafði staðfært, þýtt og gefið út merkingarnar í nóvember 2020 og eru þær aðgengilegar gjaldfrjálst á vefsíðu félagsins þar sem má einnig nálgast handbók um notkun þeirra. Þriðja útgáfa handbókarinnar var samþykkt af EUpicto og gefin út í febrúar 2023. Áramótin 2023-2024 rann samningur við FENÚR um innleiðingu merkinganna sitt skeið og færðist utanumhald merkinganna yfir á Umhverfisstofnun. Sambandið situr enn í stýrihópi EUpicto og hyggst efla þátttöku Íslands á þeim vettvangi á árinu 2025. Áframhaldandi aðkoma að starfi EUpicto og innleiðingu frekari merkinga er á hendi Sambandsins.

Að mati Sambandsins er skilvirk innleiðing á samnorrænu merkingunum lykilþáttur í innleiðingu hringrásarhagkerfis hér á landi. Markmið merkinganna er bæði að auðvelda notendum flokkun úrgangs í þeim tilgangi að stuðla að aukinni endurnýtingu og endurvinnslu og auka samræmi í úrgangsmeðhöndlun yfir landið.



Innkaup í úrgangsstjórnun

Innkaup eru viðamikill þáttur í innleiðingu hringrásarhagkerfis og þarf að huga sérstaklega að þeim. Undir átaksverkefninu *Samtaka um hringrásarhagkerfi* sem Sambandið stóð fyrir á árunum 2022-2023 var útbúið sniðmát af útboðslýsingu, innkaupasamningi og tilboðshefti fyrir sérstaka söfnun við heimili og þjónustu grenndarstöðva. Gögnin voru gerð aðgengileg í nóvember 2022 en voru tekin til endurskoðunar á árinu.

Innkaup sveitarfélaga sem tengjast úrgangsstjórnun, svo sem verðfyrirspurnir, útboð og samningar um verkefni sveitarfélaga í úrgangsmálum, eru mikilvægir hlekkir í því að ná markmiðum og tryggja að rekstur og þjónusta sé eins og sveitarfélag ákveður. Útboðsgögn og samninga þarf að vinna í takt við áherslur viðkomandi sveitarfélags og þá ábyrgð sem það ber samkvæmt lögum. Ólíkt er á milli sveitarfélaga hvaða þættir eru á hendi sveitarfélagsins og hvað er boðið út. Hafa þarf í huga að ábyrgð sveitarfélaga á meðhöndlun úrgangs fellur ekki niður þó hluta þjónustunnar sé útvistað og sinnt af verktökum sem bjóða úrgangspjónustu.

Þau sniðmát sem áður höfðu verið gefin út en hafa nú verið yfirfarin og uppfærð eru:

- Útboð á hirðu heimilisúrgangs á lóðum og á grenndarstöðvum
- Útboð á meðhöndlun úrgangs eftir söfnun
- Útboð á rekstri söfnunarstöðva

Í hringrásarlögum er gerð sú krafa til sveitarfélaga að safna textíl. Á árinu 2024 tók Sorpa við söfnun á textíl á endurvinnslustöðvum sínum, en fyrir lá að góðgerðarsamtök sem annast hafa söfnun textíls á hluta grenndarstöðva Sorpu önnuðu ekki því álagi að sinna söfnun á öllum grenndarstöðvum s.s. núverandi löggjöf gerir ráð fyrir. Samhliða hafa góðgerðarsamtök víðar úr landið dregið sig jafnt og þétt út úr því verkefni að safna textíl. Í tengslum við þessar breytingar hefur Sorpa boðið sveitarfélögum utan starfssvæðis Sorpu að nýta útflutningsfarvegi Sorpu vegna textíls á kostnaðarverði. Miklar breytingar í málaflokki textíls hafa leitt af sér samtali um framtíðarkosti í málaflokknum og hefur verið rætt um kosti þess að taka um framlengda framleiðendaábyrgð á textíl til að framleiðendur og innflytjendur textíls muni í framtíðinni bera ábyrgð á meðhöndlun textíls. Þá hefur Sambandið tekið þátt í umsókn sem umsækjandi í evrópskt verkefni sem lítur að textíl og beðið er svara við umsókninni.

Kostnaður sveitarfélaganna, úrgangstölfræði og málefni Úrvinnslusjóðs

Á árinu voru þjónustugjöld sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs til umræðu m.a. í tengslum við verkefni um mat á kostnaði og tekjum sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs. Á árinu hefur samstarf og samvinna Sambandsins við Úrvinnslusjóð aukist, bæði í beinni samvinnu og samtali, auk þess sem unnið er í samvinnu við sjóðinn að umsókn um Circle of life og hefur þegar fengist TA styrkur til að vinna frekar að því verkefni.

Umræðan var framhald á umræðu fyrri ára vegna aukins kostnaðar sveitarfélaganna af þessum málaflokki. Í tengslum við tekjur sveitarfélaganna af meðhöndlun úrgangs var jafnframt litið til greiðslna frá Úrvinnslusjóði og fyrirkomulags þeirra. Frá upphafi árs 2023 á Úrvinnslusjóður, samkvæmt lögum um úrvinnslugjald, að greiða fyrir sérstaka söfnun á pappír og pappa, plasti, gleri, málmum, víði, spilliefnum og öðrum umbúðum og vörum sem bera úrvinnslugjald. Einnig greiðir

sjóðurinn skráðum þjónustuaðilum Úrvinnslusjóðs fyrir ráðstöfun úrgangs og flutning. Sveitarfélög geta orðið þjónustuaðilar Úrvinnslusjóðs og fengið greiðslurnar beint til sín.

Á árinu var unnið úr upplýsingum Úrvinnslusjóðs varðandi tölfræði og greiðslur úr sjóðnum fyrir árið 2023. Samkvæmt upplýsingum Úrvinnslusjóðs hafa öll sveitarfélög fengið einhverjar greiðslur úr sjóðnum vegna sérstakrar söfnunar og nema greiðslurnar fyrir árið 2023 í heild 738 m.kr.

Alls hafa 60 sveitarfélög fengið greiðslur vegna sérstakrar söfnunar við heimili, 30 vegna söfnunar á grenndarstöðvum og 51 vegna söfnunar á söfnunarstöðvum. Ef miðað er við íbúafjölda þá eru lægstu greiðslurnar 393 kr. á íbúa og hæstu 14.472 kr. á íbúa. Erfitt er að draga nákvæmar ályktanir af því í hverju þessi munur liggur en samkvæmt skýringum sjóðsins þá getur þessi munur stafað af því að ekki eru öll sveitarfélög með grenndarstöðvar og/eða söfnunarstöðvar auk þess sem einhver sveitarfélög eru með samsöfnun á plasti og pappírsefnum sem greitt er minna fyrir. Einnig getur skýringin verið að mjög misjafnar heimtur eru á gögnum frá verktökum sem greiðslur sjóðsins til sveitarfélaga byggja á. Stjórn sjóðsins tók þá ákvörðun að byggja kostnaðarpáttöku sína til sveitarfélaga á upplýsingum frá verktökum sveitarfélaga sem sinna úrgangspjónustu. Við útgáfu talna fyrir árið 2023 höfðu gögn fyrir 58 sveitarfélög af 64 fyrir fjórða ársfjórðung 2023 borist sjóðnum. Að mati sjóðsins getur skýringin að lokum falist í mismunandi magni sem safnast á hvern íbúa og á það t.d. við í þau sveitarfélög sem ferðamannafjöldi og sumarbústaðarbyggð er mikil. Úrgangur sem inniheldur vörur sem búið er að greiða úrvinnslugjald af ætti að vera hægt að skila gjaldfrjálst til meðhöndlunar en það er því miður ekki staðreyndin. Því miður virðast þær væntingar sem koma fram í kostnaðarmati laganna frá 2021 ekki ætla að ganga eftir. Í matinu er gert ráð fyrir því að úrvinnslugjald muni dekkja aukinn kostnað sveitarfélaga við bæði sérstaka söfnun og aðra meðhöndlun úrgangsflokka sem í eru vörur og umbúðir sem bera úrvinnslugjald, svo sem pappírs og pappa og plasts. Einungis var gert ráð fyrir kostnaðaraukningu sveitarfélaga vegna lífúrgangs.

Það er áhyggjuefni að Úrvinnslusjóður byggir kostnaðarpáttöku sína á gögnum frá verktökum sem sveitarfélög hafa samið við og að þau gögn hafi ekki í öllum tilfellum borist sjóðnum. Eðlilegra væri að sjóðurinn myndi byggja kostnaðarpáttöku sína á raunkostnaði sveitarfélaga og gögnum frá þeim sjálfum. Úrvinnslusjóður hefur greitt fyrir flutning á úrgangi og ráðstöfun úrgangs til „skráðra þjónustuaðila Úrvinnslusjóðs“. Þessu verklagi er ekki lýst í lögum um úrvinnslugjald sem Úrvinnslusjóður starfar eftir en þessir aðilar eru oftast verktakar sem sveitarfélögin semja við í gegnum útboð. Því er haldið fram að greiðslur Úrvinnslusjóðs eigi að skila sér í gegnum þau verð sem verktakar bjóða. Slík kostnaðarpátttaka er í besta falli mjög óljós. Sjá má frekari samantekt Sambandsins varðandi kostnaðarpáttöku Úrvinnslusjóðs [hér](#).

Á árinu 2024 stóð Sambandið sameiginlega að viðburði með Úrvinnslusjóði varðandi upplýsingafund um greiðslur Úrvinnslusjóðs til sveitarfélaga vegna hreinsunar á víðavangi og má sjá upptöku af upplýsingafundinum [hér](#).

Þá voru fulltrúar Sambandsins skipaðir í starfshóp URN um endurskoðun laga um úrvinnslusjóð á árinu en hefur starfshópurinn enn ekki lokið störfum. Á árinu skilaði Sambandið jafnframt frá sér umsögnum um breytingar á lögum um úrvinnslugjald, og var umsögnum skilað þrívægis, um áformaskjal, drög að frumvarpi og um endanlegt frumvarp til breytinga á lögnum. Í þeim umsögnum var áhersla lögð á að innflytjendur eða framleiðendur vara skyldu greiða úrvinnslugjald í samræmi við raunverulegt magn umbúða auk þess sem að áhersla var lögð á að þrepaskylda gjaldtöku í samræmi við ákvæði laga um

úrvinnslugjald yrði að innleiða. Jafnframt var kallað eftir heildarendurskoðun á starfsemi Úrvinnslusjóðs og tekjugrunninum að baki kerfis úrvinnslugjalda.

Kostnaðarmatsverkefni Sambandsins

Stjórn Sambandsins samþykkti þann 29. september 2023 að hrinda af stað verkefni um kostnað og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs í ljósi þess að kostnaður sveitarfélaga vegna þessa málaflokks hefur aukist verulega. Markmið verkefnisins var að ná betri yfirsýn yfir kostnað sveitarfélaga og hvernig hann hefur þróast síðastliðin ár. Auk þess að fá fram tillögur um möguleika til aukinnar hagkvæmni og bættrar yfirsýnar í málaflokknum.

Verkefninu var skipt upp í tvo hluta. Í fyrri hlutanum voru fimm sveitarfélög valin til þátttöku í verkefninu, þar sem gögn þeirra voru tekin saman og unnin greining á kostnaði og tekjum þeirra í úrgangsmálum fyrir undangengið ár. Ráðgjafar Pure North unnu greiningu kostnaðar út frá hrágögnum, þ.e. reikningum og öðrum upprunalegum upplýsingum um kostnað vegna úrgangspjónustu. Niðurstöður Pure North voru kynntar fyrir stjórn Sambandsins þann 31. maí sl.

Skýrsla HLH ráðgjafar er seinni hluti verkefnisins, og í henni er greint, með niðurstöður úr fyrri hluta til hliðsjónar, hvernig kostnaður og tekjur sveitarfélaga fyrir meðhöndlun úrgangs hefur þróast frá árinu 2012 til 2023, auk þess að leggja fram tillögur til úrbóta og aukinnar hagkvæmni í málaflokknum. Í skýrslunni er skoðað hvernig sveitarfélög geta betur uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum, tryggt fjármagn til nauðsynlegra fjárfestinga, og bætt yfirsýn yfir kostnað.

Í skýrslunni eru lagðar fram 13 tillögur til úrbóta. Skýrslan var kynnt sveitarfélögum á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna þar sem kallað var eftir sjónarmiðum sveitarfélaga. Þá mun Sambandið á vettvangi umhverfis- og innviðanefndar, eða innan sérstaks starfshóps, leggja úrbótatillögurnar fyrir til nánari meðferðar, m.a. sérstaklega þær tillögur sem snúa að Úrvinnslusjóði og verður leitast við að koma fram með tillögur að framtíðarfyrirkomulagi sem byggja á þessum tillögum og fyrri skýrslum.

- [Greining Pure North.](#)
- [Skýrsla HLH ráðgjafar.](#)



Minnisblöð Sambandsins

Sambandið vann, eða lét vinna, ýmis minnisblöð á árinu 2024. Sum þeirra hafa verið gerð opinber og eru aðgengileg á heimasíðu Sambandsins:

- Minnisblað um söfnun kostnaðarupplýsinga vegna úrgangsstjórnunar
- Minnisblað um meðhöndlun heimilisúrgangs frá heimilum og lögaðilum
- Minnisblað um áhrif samkeppnislaga í tengslum við söfnun og flutning heimilisúrgangs frá lögaðilum
- Minnisblað Pure North 2. maí 2024
- Minnisblað um greiðslur Úrvinnslusjóðs til sveitarfélaga vegna ársins 2023

Þá móttók Sambandið jafnframt minnisblöð ýmissa annarra aðila um málefni á sviði hringrásarmála.

Loftslagsmál

Í samstarfssamningi milli URN og Sambandsins er gert ráð fyrir því að Sambandið veiti ráðgjöf til íslenskra sveitarfélaga um stefnu og aðgerðir í loftslagsmálum, hvort sem varðar samdrátt í losun eða aðlögun að loftslagsbreytingum, með hliðsjón af lögum um loftslagsmál og gildandi aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og öðrum þeim stefnum og reglum er tengjast aðlögun að loftslagsbreytingum. Starfsfólk Sambandsins situr í *Verkefnisstjórn um loftslagsaðgerðir* en þar er unnið að innleiðingu aðgerðaráætlunar loftslagsmála (AÁL) og að mótun aðgerðaáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum. Fulltrúi Sambandsins situr einnig í Loftslagsráði.

Á árinu 2024 hefur verið unnið úr nýrri aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og mat lagt á mismunandi áhrif aðgerða á sveitarfélögin í landinu og sendi Sambandið í því samhengi frá sér umsögn við aðgerðaráætlunina þegar hún var í samráðsferli í samráðsgátt.

Loftslagsvænni sveitarfélög, verkfærakista sveitarfélaga í loftslagsmálum, er mikilvægt tól sem Sambandið, Umhverfisstofnun, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið o.fl. hafa unnið að í sameiningu á undanförunum árum. Því miður hefur tólið ekki nýst sem skyldi af ýmsum ástæðum og enn lágt hlutfall sveitarfélaga sem hafa sett sér aðgerðamiðaðar loftslagsstefnur skv. 5. gr. [laga nr. 70/2012 um loftslagsmál](#). Á haustmánuðum 2024 var samtali hafið á ný við Umhverfisstofnun og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið um framhald verkfærakistunnar og hvernig hægt væri að koma verkefninu í þann farveg að það myndi nýtast sveitarfélögum betur til að ná árangri í að draga úr losun vegna eigin reksturs. Þetta samtali hefur skilað góðum árangri og hafa hlutverk verið skerpt á ný og ritstjórn verkfærakistunnar hefur þegar tekið til starfa nú í upphafi árs 2025. Sambandið hyggst svo taka að sér stærra hlutverk en áður í því að veita fræðslu og ráðgjöf til sveitarfélaga í tengslum við verkfærakistuna með það að markmiði að sem flest sveitarfélög setji sér aðgerðamiðaðar loftslagsstefnur sem fyrst. Undirbúningur að slíkri fræðslu og ráðgjöf hefst einnig snemma á árinu 2025.

Seinni hluta árs 2024 átti Sambandið í góðu samtali við Land og skóg og matvælaráðuneytið um nýtingu skipulagsvalds sveitarfélaga í þágu loftslagsmála og verndun kolefnisríkra vistkerfa sem eru fyrstu skrefin í því að vinna að sjötta lið 2. gr. samstarfssamningsins. Samtölin hafa verið til þess fallin að kortleggja hvar ábyrgð og vald sveitarfélaga liggur þegar kemur að sjálfbærri og loftslagsvænni landnýtingu og hvaða leiðbeiningar og fræðslufni er til staðar sem sveitarfélög geta sótt sér. Næstu

skref eru svo að bæta við leiðbeiningum og fræðsluefni þar sem það skortir og auka samtal og ráðgjöf til sveitarfélaga um hvernig þau geta og hvar ábyrgð þeirra liggur þegar kemur að því að nýta skipulagsvald í þágu loftslagsmála og verndun vistkerfa. Þessi samtöl við Land og skóg og matvælaráðuneytið hafa einnig tengst vinnu við ICENAP umsóknina.

Sambandið sinnir hlutverki landstengiliðs fyrir verkefnið European City Facility og heldur sem slíkur kynningar á tækifærum til styrkja og ráðgjöf vegna umsókna í verkefnið. Verkefnið er fjármagnað af LIFE áætluninni og snýst um að sveitarfélög geta sótt um styrki upp á 9 milljónir króna, auk faglegs stuðnings, til að útbúa fjárfestingaráætlun vegna orkuskiptaverkefna.

Undanfarin ár hafa aðgerðir um aðlögun að loftslagsbreytingum verið í forgrunni vinnu Sambandsins er kemur að loftslagsmálum. Sveitarfélög á Íslandi eru þegar farin að finna fyrir áhrifum loftslagsbreytinga og eru staðbundnar aðgerðir aðkallandi til að takast á við þessar áskoranir. Sambandið hefur komið að ýmsum verkefnum er varða greiningu á aðgerðum, fjármögnun og hlutverki sveitarstjórnarstigsins í aðlögunaraðgerðum. Sambandið hefur haft aðkomu að mótun og framkvæmd aðgerðar í nágildandi byggðaáætlun 2022-2036 (C.10 Áhrif loftslagsbreytinga og sveitarfélög) sem miðar að því að móta heildstæða nálgun íslenskra sveitarfélaga þegar kemur að aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga. Aðgerðin er á ábyrgð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins en framkvæmd í samstarfi við Byggðastofnun, Skipulagsstofnun og skrifstofu loftslagsþjónustu og aðlögunar hjá Veðurstofu Íslands. Aðkoma Sambandsins að því verkefni hefur á árinu 2024 einkum falist í því að vinna með ábyrgðar- og framkvæmdaraðilum að því að sækja faglega ráðgjöf (svk. Technical Assistance) sem er á vegum Leiðangurs Horizon Europe um aðlögun að loftslagsbreytingum (Horizon Europe Mission on Adaptation to Climate Change). Þessi aðstoð er í boðið fyrir Ísland þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur, fyrir hönd allra sveitarfélaga á Íslandi, skrifað undir sáttmála Evrópskra svæða um að vinna í sameiningu að aðlögun að loftslagsbreytingum (svk. *Charter signatory*). Undirskriftin veitir aðgang að gríðarlegu magni upplýsinga sem nýtast sveitarfélögum við aðlögun að loftslagsbreytingum sem og samstarfi við fjölmörg sveitarfélög víðsvegar um Evrópu sem eru að takast á við sambærilegar áskoranir.

Sambandið á fulltrúa í verkefnisstjórn *Byggjum grænni framtíð* og hefur tekið þátt í gerð *Vegvísis að vistvænni mannvirkjagerð 2030* sem hefur verið í endurskoðun á árinu 2024. Í lok árs 2024 innihélt aðgerðaáætlun verkefnisins 74 aðgerðir sem ætlað er að stuðla að vistvænni mannvirkjagerð. 40 aðgerðum hafði verið lokið í desember 2024, 5 aðgerðir í endurmati, 22 aðgerðir enn í vinnslu og 7 aðgerðir ekki hafnar. Sjá nánar [hér](#).

Sambandið tók þátt í kortlagningu á vegum sameiginlegrar rannsóknamiðstöðvar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (Joint Research Centre – JRC) um stöðuna á grænni og stafrænni umbreytingu og umbreytandi nýsköpunar í samhenginu við aðlögun að loftslagsbreytingum. Afrakstur þessarar vinnu var birtur í skýrslu sem kom út á árinu: [Transformative Innovation for better Climate Change Adaptation - Case Study: Iceland](#).

Sameiginleg verkefni URN og Sambandsins

Á árinu fóru fram reglulegir samráðsfundir á milli Sambandsins og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis þar sem rædd voru sameiginleg markmið í málaflokknum og leiðir til aukins samstarfs á milli ríkis og sveitarfélaga. Afurð þessara funda var m.a. gerð minnisblaðs um tillögu að gerð loftslagssáttmála ríkis og sveitarfélaga. Innihald þeirra tillagna var að gera samkomulag utan um samstarf þessara aðila á sviði loftslagsmála til framtíðar þar sem eftirtöldum atriðum yrði náð:

1. Auka samvinnu ríkis og sveitarfélaga í að mæta áskorunum loftslagsmála
2. Tryggja betri yfirsýn yfir framlag sveitarstjórnarstigsins í samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda
3. Framkvæma markvissar og samræmdar svæðisbundnar aðlögunaraðgerðir þar sem forgangsröðun fjármagns byggir á mati á áhættu
4. Efla svæðisbundið samstarf sveitarfélaga í loftslagstengdum verkefnum, m.a. í gegnum landshlutasamtök
5. Auka þekkingarsköpun á sveitarstjórnarstigi um loftslagsmál og að nýjustu upplýsingar og rannsóknir sem nýtast í loftslagsstarfi sveitarfélaga séu aðgengilegar á einum stað
6. Tryggja samlegð með aðgerðum svo tími og fjármunir nýtist sem best og forðast tvíverknað

Í minnisblaðinu er gerð tillaga að helstu samstarfsverkefnum og hvernig verka- og ábyrgðarskiptingu milli ríkis- og sveitarfélaga yrði háttað. Efnisinntak tillögunnar sem bar heitið loftslagssáttmáli ríkis og sveitarfélaga er einn þáttur af endurnýjuðum samningi ráðuneytis og Sambandsins þar sem greint er frá fjármögnun umræddra verkefna.

Helstu samstarfsverkefni:

1. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum: Innleiðing á framkvæmd loftslagsaðgerða á sveitarstjórnarstigi undir uppfærðri áætlun
2. Loftslagspolin sveitarfélög: Aðlögun að loftslagsbreytingum á sveitarfélagsstigi
3. Loftslagsstefnur sveitarfélaga um eigin rekstur: Skyldur sveitarfélaga samkvæmt lögum og gagnkvæmar skyldur ríkis til leiðbeiningar og eftirlits
4. Sameiginleg og samtengd loftslagsmarkmið ríkis og einstakra sveitarfélaga eða landshluta
5. Stjórnun og skipulag Verkferakistu Loftslagsvænni sveitarfélaga
6. Samstarf um sjóðasókn vegna þessara verkefna í samræmi við aðgerð C.3 í Byggðaáætlun - Grænt og snjallt Ísland

Með endurnýjuðu samkomulagi milli ráðuneytisins og Sambandsins á árinu 2024 hefur verið stigið jákvætt skref í átt að auknu og markvissara samstarfi aðila á milli við að ná betri tókum á loftslagsvánni samhliða eflingu sveitarfélaga í málaflokknum.



Viðburðir um loftslagsmál

Sambandið kom að eða stóð fyrir ýmsum fundum og viðburðum um loftslagsmál á árinu. Ber þar helst að nefna:

Opinn fundur fyrir sveitarfélög um vottanir bygginga og græna hvata, 12. júní 2024.

Umhverfis Ísland - [Fundur um vottanir bygginga og græna hvata](#), 19. september 2024.

Viðburðir um sveitarfélög og loftslagsmál á vegum Horizon Europe sem Sambandið kynnti sérstaklega fyrir sveitarfélögum:

Aukin seigla sveitarfélaga sem standa frammi fyrir þurrkum vegna loftslagsbreytinga., 17. september 2024.

Aukið öryggi og seigla gagnvart aukinni flóðahættu. 26. september 2024.

Þverfagleg nálgun á sjálfbærni vatns til framtíðar á tímum margvíslegra áskorana sem spanna allt frá flóðum til þurrka, hopun jökla og hækkandi sjávarmáls. 19. september 2024.

Algengar mýtur um samband fólks og náttúru leiðréttar á árlegum viðburði NetworkNature. 25. september 2024.

Sambættar aðgerðir til að byggja upp strandþol. 30. september 2024.

Umsagnir Sambandsins

Á vegum Sambandsins hafa á árinu verið unnar ýmsar umsagnir í málaflokki umhverfis- og loftslagsmála og tengdum málum. Má hér sjá yfirlit yfir umsagnir sem Sambandið hefur sent frá sér á síðastliðnu ári, en yfirlit yfir umsagnir má finna á nýjum vef Sambandsins, sjá [hér](#).

Umsagnir um lagafrumvörp

Heiti máls	Umsögn
Frumvarp til fjárlaga 2025, 1. mál	10. október 2024
Frumvarp til laga um framkvæmd til laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ, 1095. mál	8. maí 2024
Frumvarp til laga um lagareldi, 930. mál	8. maí 2024
Frumvarp til laga um úrvinnslugjald - hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl., 924. mál	6. maí 2024
Frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun - virkjunarkostir í vindorku, 899. mál	3. maí 2024
Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl., 830. mál	21. mars 2024
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta - starfslok óbyggðanefndar, 737. mál	21. mars 2024
Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, tímabundnar uppbyggingarheimildir, 628. mál	14. febrúar 2024
Frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun, 585. mál	12. febrúar 2024

Aðrar umsagnir Sambandsins

Skýrsla um Kolefnismarkaði - áskoranir og tækifæri í íslensku samhengi, mál nr. S-231/2024	4. desember 2024
Drög að frumvarpi til laga um loftlags- og orkusjóð, mál nr. S-69/2024	15. mars 2024
Drög að frumvarpi til laga um sjávarútveg, mál nr. S-245/2023	17. janúar 2024
Áform um breytingu á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, mál nr. S-6/2024	26. janúar 2024
Ný og uppfærð aðgerðaráætlun í loftslagsmálum, mál nr. S-119/2024	25. september 2024
Aðgerðaráætlun um gervigreind, S-223/2024	21. nóvember 2024
Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, 1035. mál	8. maí 2024
Þingsályktun um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til ársins 2030, 1036. mál	3. júní 2024
Verndar- og orkunýtingaráætlun, þingsályktun um uppbyggingu vindorkuvera, 899. og 900. mál	3. maí 2024
Drög að stefnu um hvítbók um sjálfbært Ísland, mál nr. S-59/2024	19. mars 2024
Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu, mál nr. S-3/2024	22. febrúar 2024
Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg, mál nr. S-345/2023	17. janúar 2024
Þingsályktun um vindorku og frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, mál nr. S-1/2024	26. janúar 2024

Náttúruvernd

Sambandið kom að skipulagningu ársfundar náttúruverndarnefnda sveitarfélaga, náttúrustofa og Umhverfisstofnunar sem fyrirhugað var að halda á Ísafirði í október 2023. Yfirskrift fundarins var „[Hver eru áhrif aukinnar umferðar skemmtiferðaskipa?](#)“ og horft til áhrifa á náttúru og samfélags. Vegna veðurs var ákveðið að fresta fundinum fram til 21. mars 2024.

Þá á Sambandið fulltrúa í stýrihópi um líffræðilega fjölbreytni, sem skipaður var á árinu og fer með það verkefni að hefja næstu skref (hvítbók) í stefnumótunarvinnu varðandi endurskoðun á stefnu um líffræðilega fjölbreytni, en vinnan byggir á grænbók í málaflokknum sem kom út árið 2022.

Vatna- og fráveitumál

Sambandið á fulltrúa í Íslensku vatnafræðinefndinni sem hóf störf á árinu 2024 og starfshópi um neysluvatn. Á vettvangi hópanna er unnið að miðlun upplýsinga um vatns og breytingar á reglugerðum um neysluvatn.

Sambandið á tvo fulltrúa í samráðshópi um fráveitur en markmið hópsins er að efla samráð og samvinnu um fráveitu og skólphreinsun. Á árinu fór mikil vinna í að fylgjast með endurskoðun ESB á fráveitutilskipun Evrópusambandsins, sem er hluti af aðgerðaráætlun ESB um s.k. „núllmengun“ (e.

Zero pollution action plan). Núgildandi tilskipun ESB um hreinsun skólps frá þéttbýli er frá árinu 1991. Sú tilskipun var á sínum tíma tekinn inn í EES samninginn og því má fastlega gera ráð fyrir að hið sama muni gilda um endurskoðaða tilskipun.

Samkvæmt núverandi tilskipun ber að tryggja að skólp frá þéttbýli sem losar yfir 2.000 persónueiningar (pe) sé safnað og meðhöndlað í samræmi við tilteknar lágmarkskröfur. Úttekt framkvæmdastjórnar ESB frá árinu 2019 á framkvæmd tilskipunarinnar undanfarna þrjú áratugi leiddi í ljós að framkvæmdin hefur reynst árangursrík við að draga úr mengun vatns og bæta meðhöndlun skólps á þeim þéttbýlissvæðum sem hún tekur til. Endurskoðun tilskipunarinnar miðar m.a. að því að ná til enn smærri þéttbýla (1.000 pe), auk þess sem henni er ætlað að ná til mengunar vegna örplasts og lyfjaleyfa.

Ísland hefur fylgst náið með málinu frá því að drög að endurskoðaðri tilskipun voru lögð fram í október 2022. Náið samstarf hefur verið á milli URN og Sambandsins við að koma athugasemdum Íslands á framfæri, en bæði íslensk stjórnvöld og Sambandið, í samstarfi við Samorku og Veitur sendu athugasemdir til framkvæmdastjórnar ESB í tengslum við samráðsferlið sem ESB stóð fyrir. Þá kom Sambandið að vinnu Evrópusamtaka sveitarfélaga sem einnig hafa komið athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórn ESB.

Þó að Ísland styðji metnaðarfull markmið tilskipunarinnar, sérstaklega varðandi vernd ferskvatns og hafs, hefur Ísland lagt áherslu á að nauðsynlegt sé að hafa sveigjanleika í tilskipuninni til að mæta aðstæðum í strjálbýlu landi eins og Íslandi, þar sem aðstæður eru oft á tíðum afar ólíkar því sem gengur og gerist á meginlandi Evrópu. Hefur þannig verið lögð áhersla á að taka þurfi tillit til sérstakra aðstæðna að þessu leyti til að kostnaður verði í samræmi við aukinn ávinning fyrir umhverfið þannig að framkvæmd tilskipunarinnar verði hagkvæm og raunhæf.

Með fyrirvara um endanlega útfærslu á texta tilskipunarinnar, þá lítur út fyrir að nokkur af þeim atriðum sem Ísland hefur bent á hafi verið tekin til greina. Þar má t.d. nefna:

- i) Áfram verði hægt að skilgreina síður viðkvæma viðtaka þegar um er að ræða losun frá minni þéttbýlum í strandsjó;
- ii) Lengri tímafrestir og tilteknar undanþágur áfram heimilaðar;
- iii) Tenging við stjórn vatnamála og að áhættumat og áhættustjórnun verði beitt og liggi til grundvallar forgangsröðun og ákvörðunum um meðhöndlun skólps.

Hins vegar lítur út fyrir að viðmiðið verði 1.000 pe í stað 2.000 pe eins og er í núgildandi tilskipun, sem er atriði sem Sambandið mælti á móti í sínum athugasemdum.

Meðal helstu breytinga sem ný tilskipun mun væntanlega fela í sér, sbr. þær upplýsingar sem nú liggja fyrir, eru útvíkkað gildissvið upp í fráveitur með 1.000 pe, skylda til að setja fram áætlanir um stjórn fráveitumála fyrir stærri þéttbýlissvæði, auknar kröfur varðandi tveggja þrepa hreinsun og í framhaldinu innleiðing þriggja og fjögurra þrepa hreinsunar, framlengd framleiðsluábyrgð í tengslum við fjórða þreps hreinsun og kröfur um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Sambandið tekur þátt í verkefni sem snýst um innleiðingu vatnaáætlunar fyrir Ísland sem ætlað er að uppfylla vatnatilskipun Evrópusambandsins sem ber heitið ICEWATER (For the future of water - Implementation of the River Basin Management Plan in Iceland). Verkefnið fékk samþykktan styrk

á árinu úr LIFE, áætlun ESB um umhverfis- og loftslagsmál. Markmið verkefnisins er að auka getu allra aðila sem koma að innleiðingunni, auka sérfræðipækkingu og gæði upplýsinga auk miðlunar og samstarfs. Styrkja á innviði og ferla svo hægt sé að auka skilvirkni og draga úr áhættu. Komið verður á aukinni vöktun sem leiðir til betri gagna um ástand vatns sem síðan leiðir til betri ákvarðanatöku og forgangsröðunar í umbótaverkefnum. Auka á samstarf þvert á stofnanir og geira sem og upplýsingagjöf til almennings. Unnið verður markvisst að því að auka gæði vatns á Íslandi til langs tíma. 23 samstarfsaðilar taka þátt í verkefninu sem standa á í 6 ár og er hámarks styrkupp hæð um 3,5 milljarðar króna. Þar af taka 8 sveitarfélög þátt í verkefninu með beinum hætti en öll önnur sveitarfélög á landinu njóta góðs af verkefninu með óbeinum hætti þar sem almenn þekking á vatnamálum verður betri, rannsóknir styrktar, regluverk verður skýrt og einfaldað, og gefnar verða út leiðbeiningar um framkvæmdir sem tengjast vatna- og fráveitumálum. Sambandið hefur svo það hlutverk að annars vegar styðja við þau sveitarfélög sem taka þátt í verkefninu og hins vegar að vinna að því að allt sem lærist í verkefninu skili sér með aðgengilegum hætti til þeirra sveitarfélaga sem ekki eru styrkþegar.





Málefni náttúrustofa

Á samráðsfundi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis og Sambands Íslenskra Sveitarfélaga 13. desember 2023 var tekin ákvörðun um að gerð yrði úttekt á starfsemi og framtíðarfyrirkomulagi náttúrustofa. Bakgrunnurinn er vinna sem hófst í ráðuneytinu árið 2022 við að endurmeta stofnanaskipulag þess með það að markmiði að fækka stofnunum verulega, auka skilvirkni og þjónustustig í starfsemi þeirra og auka hagræði í rekstri. Niðurstaða fyrsta áfanga þess verkefnis liggur nú fyrir í þremur frumvörpum. Í vinnu við stofnanabreytingar var m.a. rætt um möguleg samlegðaráhrif milli náttúrustofa landsins og Náttúrfræðistofnunar Íslands þar sem þessar rekstrareiningar hafa sambærileg markmið og hlutverk við vöktun og kortlagningu á náttúru Íslands. Starfshópur á vegum ráðuneytisins sem meðal annars var skipaður sviðsstjóra stjórnsýslusviðs Sambandsins átti fundi með stjórnnum allra náttúrustofa og forstöðumönnum þeirra á árinu 2024. Á fundum var óskað eftir sjónarmiðum stjórnarmeðlima um árangur, áskoranir, tækifæri og samstarfsmöguleika og/eða samþættingarmöguleika til lengri tíma meðal náttúrustofa, við landshlutasamtök svæðisins Náttúrfræðistofnunar og/eða aðra aðila. Eftir samantekt á þeim sjónarmiðum sem fram komu á fundunum voru lagðar fram sviðsmyndir að tillögum að framtíðarfyrirkomulagi náttúrustofa á fundi með stjórnarformönnum og framkvæmdastjórum þeirra sveitarfélaga sem standa að náttúrustofum. Verða þær tillögur svo kynntar ráðherra og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga á nýju ári.

Málefni heilbrigðiseftirlits

Árið 2023 kom út skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum. Þar eru lagðar til úrbætur sem ef af verða munu hafa mikil áhrif á starfsemi sveitarfélaga í málaflokknum. Sambandið hefur á árinu 2024 átt fulltrúa í stýrihópi og stóð stýrihópurinn ásamt Sambandinu fyrir tveimur samráðsfundum á árinu með sveitarfélögum þar sem kallað var eftir sjónarmiðum sveitarfélaganna um núverandi stöðu og mögulegar breytingar á framkvæmd eftirlits.

Sjóðasókn á vegum Sambandsins

Í gildi er samstarfssamningur milli umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, Rannsóknarmiðstöðvar Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga um samstarf um að sækja í Evrópusjóði í þágu umhverfis- og loftslagsverkefna. Byggist samningurinn m.a. á þátttöku Sambandsins í Aðlögunarleiðangri Horizon Europe og framkvæmd aðgerðar C.3, Grænt og snjallt Ísland, í byggðaáætlun 2022-2036.

Sérfræðingur Sambandsins í sjóðasókn hefur m.a. sinnt eftirfarandi verkefnum á árinu:

- *Samtal um Græna styrki*, kynningarátak í samstarfi við Rannís. Öllum landshlutasamtökum var boðið upp á heimsókn og kynningu á styrkjatækifærum á sviði umhverfis- og loftslagsmála.
- Landstengiliður fyrir *European City Facility*, sem býður upp á tækifæri fyrir sveitarfélög til að sækja styrki og sérfræðiráðgjöf við gerð fjárfestingaáætlana vegna orkuskipta.
- Samstarf við Umhverfisstofnun og fleiri við skrif, og skil, á umsókn vegna LIFE SIP ICEWATER verkefnis - innleiðing vatnatilskipunar á Íslandi. Starf sérfræðingsins felur einnig í sér stuðning við þau sveitarfélög sem taka þátt í verkefninu.
- Samstarf við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, Veðurstofu Íslands og fleiri við undirbúning á umsókn um LIFE SIP styrk vegna verkefnisins ICENAP (Iceland National Adaptation Plan) - framkvæmd á aðgerðaáætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum á Íslandi. Sú vinna fól m.a. í sér að sótt var um sóknarstyrk vegna þeirrar vinnu til LIFE áætlunarinnar (Technical Assistance – TA) og var hann veittur.
- Samstarf við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, Umhverfisstornun og fleiri við undirbúning á umsókn um LIFE SIP styrk vegna verkefnisins CIRCLE of LIFE - innleiðing á lögum og stefnu um hringrásarhagkerfi á Íslandi. Sú vinna fól m.a. í sér að sótt var um sóknarstyrk vegna þeirrar vinnu til LIFE áætlunarinnar (Technical Assistance – TA) og var hann veittur.
- Þátttaka fyrir Íslands hönd í *Aðlögunarleiðangri Horizon Europe* (Horizon Europe Mission on Adaptation to Climate Change) og tengdum vinnuhópum
- Samstarf við URN, Veðurstofu Íslands og Byggðastofnun vegna umsóknar um sérfræðiráðgjöf í hvernig best er að standa að því að aðstoða sveitarfélög í að framkvæma viðkvæmni- og áhættumat vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum (Technical Assistance) til MIP4Adapt, sem er hluti af *Aðlögunarleiðangri HE*. Er þetta í tengslum við aðgerð C.10 í byggðaáætlun 2022-2036 og ætlað að undirbúa m.a. framkvæmd aðlögunaráætlunar Íslands.
- Tekið þátt í *Interterritorial working group on climate resilience* á vegum JRC, EIT Climate KIC og DG CLIMA framkvæmdastjórnar ESB, sem leiddi m.a. af sér úttekt á vegum JRC: *Study on Transformative Innovation for better Climate Change Adaptation*.
- Miðlun upplýsinga um styrkjatækifæri til sveitarfélaga og landshlutasamtaka.
- Ráðgjöf við sjóðasókn til starfsfólks sveitarfélaga.
- Undirbúningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir þátttöku í sjóðasókn og rekstri verkefna styrktra af Evrópusambandinu.
- Tekið þátt í umsókn um Standard Action Project styrk í LIFE (undiráætlun: Circular Economy and Quality of Life) vegna verkefnisins *Textile4LIFE* en markmið þess er að draga úr textílúrgangi. Verkefnið er sam-evrópskt en Sorpa er einnig hluti af samstarfshópnum. Ekki er enn ljóst hvort styrkur verður veittur vegna verkefnisins eða ekki þar sem beðið er niðurstöðu mats.

Þá kynnir Sambandið á vef sínum eftirfarandi samstarfsáætlanir á vegum Evrópusambandsins og veitir leiðbeiningar um umsóknir ef eftir því er leitað: *Horizon Europe, Erasmus+, Digital Europe, LIFE: umhverfis- og loftslagsáætlun og Creative Europe.*

Erlent samstarf

EES-samstarf

Forstöðumaður Evrópuskrifstofu Sambandsins í Brussel, ásamt sérfræðingum Sambandsins í umhverfismálum funda reglulega með ráðuneytinu og fulltrúa þess í sendiráðinu í Brussel um evrópulöggjöf sem er í undirbúningi á sviði umhverfis- og loftslagsmála, sem og um styrkjatækifæri í gegnum LIFE og fleiri evrópskar áætlanir.

Þá tekur Sambandið þátt í fundum EES-stýrihóps stjórnarráðsins, en meðal þess sem stýrihópurinn ber ábyrgð á er EES-forgangslisti ráðuneytanna.

Á meðal EES forgangsmála sem varða umhverfis- og loftslagsmál og snerta sveitarfélög má nefna:

- i) ETS-viðskiptakerfið og þá einkum að bæta eigi byggingum við kerfið.
- ii) Orkunýtni bygginga, sem er hluti af hreinorkupakka ESB. Ísland er með undanþágu frá núgildandi tilskipun sem er frá 2010. Undanþágan er að vísu skilyrt að því leyti að Ísland þarf að taka til greina nýmæli í tilskipun sem er frá 2018, t.d. hvað varðar snjallvæðingu bygginga og hleðslumöguleika fyrir rafbíla. Sambandið hefur lagt áherslu á að skoða sé, í samráði við Sambandið, hvort ekki sé rétt að viðhalda þeim undanþágum sem Ísland hefur í tengslum við núgildandi tilskipun.
- iii) Reglur sem ESB vinnur að og varða losun og kolefnisbindingu sem tengist landnotkun og skógrækt.
- iv) Neysluvatn, en í forgangslistanum er einmitt sérstaklega áréttað að nýjar reglur á þessu sviði kunni að hafa áhrif á starfsemi sveitarfélaga og að tryggja þurfi að breytingum á núverandi ESB-regluverki fylgi ekki óþarfa byrðar á stjórnsýsluna. Þá er einnig sérstaklega nefnt að tryggja þurfi að nálægðarreglan og hagsmunir sveitarfélaga séu í heiðri höfð.
- v) Hitaveitur og glatvarmi, en í tillögum ESB eru settar fram kröfur um samþættingu hita- og dreifikerfa rafmagns. Í forgangslistanum er tekið fram að gæta þurfi að því að ekki séu settar fram kröfur sem henta ekki innlendum aðstæðum hitaveitna. Í því tilliti er t.d. nefnt að skoða þurfi sérstaklega hvort íslenskar hitaveitur falli áfram undir undanþágur vegna hárrar hlutdeildar endurnýjanlegrar orku.
- vi) Líf- og rafeldsneyti í samgöngum og hvatakerfi/viðskiptakerfi þeim tengt, sem er sérstaklega mikilvægt fyrir strjálbýl sveitarfélög á Íslandi.

Á EES-forgangslistann vantaði hins vegar endurskoðun á tilskipun varðandi fráveitumál. Sambandið lagði til á sínum tíma, að fráveitumálin væru á forgangslistanum og þess má geta að þeim hefur nú verið bætt við uppfærðan EES-forgangslista.

Þrátt fyrir að fráveitumálin væru ekki á forgangslistanum, þá reyndust þau fyrirferðarmikil í hagsmunabaráttu bæði sambandsins og ráðuneytisins á árinu. Bæði ráðuneytið og Sambandið, í samstarfi við Samorku, sendu athugasemdir til framkvæmdastjórnar ESB í samráðsferli sem fram fór á árinu. Þá kom Sambandið að vinnu við athugasemdir sem Evrópusamtök sveitarfélaga (CEMR) sendi framkvæmdastjórn ESB í tengslum við sama samráðsferli. Auk þess funduðu bæði ráðuneytið og Sambandið reglulega um málið, ásamt sérfræðingum frá Umhverfisstofnun, Samorku, Veitum og Orkuveitunni. Einnig fóru fram fundir með sérfræðingum framkvæmdastjórnar ESB og Evrópuþingsins, sérfræðingum á vegum ráðuneyta aðildarríkja ESB og EES-EFTA ríkjanna og sérfræðinga á vegum sveitarstjórnasambanda, og þá sérstaklega norrænna sveitarfélagasambanda.

Municipal Waste Europe

Sambandið tók áfram þátt í starfi og Municipal Waste Europe (MWE) og Council of European Municipalities and Regions (CEMR) á árinu. Sótti sérfræðingur Sambandsins fjarfundi MWE á árinu og einn staðfund í Austurríki og tók þátt í vinnu í tengslum við samráð og umsgnir við vinnu ESB.

Baltic Sea Regions Waste Management

Að frumkvæði Finna var á árinu stofnaður samstarfsvettvangur Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna um úrgangsstjórnun sveitarfélaga. Markmið vettvangsins er að efla samtal og upplýsingamiðlun um úrgangsstjórnun sveitarfélaga landanna á milli.

